



# Alpha Rezisto Easy Clean Mat

## Auðþriffin mött veggjamálning

### Efnislýsing

Alpha Rezisto Easy Clean Mat er afar mött, vatnsþynnanleg akrýlmálning til notkunar innanhúss. Hún er með sterka innbyggða blettavörn (Stain Shield) sem byggir á nýrri tækni. Vörnin hrindir frá sér vatni og fitu og hindrar þannig að varanlegir blettir myndist. Alpha Rezisto Easy Clean hefur hæsta þvottheldnistuðul, glansar ekki við endurtekin þrif, hefur frábært rispuþol og strikast mun síður en venjuleg mött málning. Áferðin er silkimjúk og endurkastar nær engu ljósi, sem þýðir að dýpt og fegurð litanna verður meiri. Því hentar hún bæði vel í stofum og herbergjum en ekki síður í skólum, veitingastöðum, eldhúsum og öðrum svæðum þar sem mikið álag getur verið á yfirborðsflötum. Alpha Rezisto Easy Clean er leysiefnalaus.

Alpha Rezisto Easy Clean málningin hentar á nær allar gerðir undirlags innandyra. Hún er auðveld að bera á, þornar hratt og er einstaklega slitsterk. Þremur vikum eftir málun hefur hún náð fullri núningshörku.

### Meðhöndlun

#### Nýmálun

1. Spartlið flötinn ef þörf krefur.
2. Hreinsið laust spartl, gífsleifar og ryk. Tryggið að flöturinn sé laus við fitu og önnur óhreinindi.
3. Grunnið eina umferð með Professional Grund+.
4. Málið eina eða tvær umferðir af Alpha Rezisto Easy Clean.

#### Endurmálun

Tryggið að flöturinn sé laus við fitu og önnur óhreinindi.

1. Óhreina málaða fleti skal þvo með Original Málartvätt.
2. Gljáandi fleti skal slípa matta og grunna með Original Háftgrund til að tryggja góða viðloðun.
3. Spartlið flötinn ef þörf krefur. Blettgrunnið spartlaða fleti með Grund+.
4. Málið eina til tvær umferðir af Alpha Rezisto Easy Clean.

Þvegna kalkmálaða fleti, sem og annað laust bundið undirlag, skal grunna með Professional Microdispers grunni áður en málað er.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss

**Tegund:** Akrýl

**Gljástig:** Mjög matt 2

**Hiti við málun:** Lægstur 10°C, hæstur 30°C

**Rakastig:** Mest 70%

**Purrefni:** Um 64% af vigt og um 50% af rúmmáli

**Þéttleiki:** Um 1,4 kg/dm<sup>3</sup>

**Ráðlögð þykkt á umferð:** Þurr: Um 55 míkron. Blautt: Um 110 míkron

**Þornun við 20°C og 65% raka:** Snertipurr eftir um 1 klst. Yfirmálun eftir um 6 klst

**Þynning:** Mest 5% (vatn), engin við sprautun

**Verkfæri:** Penslar, rúllur, sprautur (airless)

**Sprautun:** Ráðlagður þrýstingur úða 80-120 bór; ráðlögð spíssaop Graco: LP 517eða 519 RAC X LP. Wagner: HEA Protip 5-17. Besta

val er þó alltaf í samræmi við aðstæður

**Þekja:** 10 m<sup>2</sup>/l (fer eftir undirlagi og aðferð)

**Þvottheldni:** 1. flokkur DIN EN 13300

**Litur:** Allir litir

**Umbúðir:** 1, 2,5, 5 og 10 l dósir

**Hreinsun:** Vatn

**Geymsla:** Í þurru, frostfríu rými; 12 mánuðir

**Loftgæði:** A+ (matskvarði útstreymis er frá A+ (mjög lítið) til C (mjög mikið))

**Rokgjörn lífræn efni (VOC):** EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/a) 30 g/l. (2010). Mæling í samræmi við ISO 11890-2:2006 sýnir að Alpha Rezisto Easy Clean inniheldur <1 g/l

#### Umhverfi

Varan er vottuð af Evrópublóminu, sem er umhverfismerki Evrópusambandsins Varan er í samræmi við BREEAM HEA 9